

Reglur um styrkveitingar borgarráðs

1. gr.

Borgarráð veitir ár hvert félagasamtökum, fyrirtækjum og einstaklingum styrki til starfsemi og þjónustu. Styrkirnir eru veittir í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki og fjárveitingu sem ráðið ákveður í samræmi við fjárhagsramma sinn.

2. gr.

Markmiðið með styrkjum borgarráðs er að styðja við sjálfsprottið starf, starfsemi frjálsra félagasamtaka og framtak einstaklinga sem styður við stefnu og verkefni borgarinnar en falla utan málefna sviðs annarra ráða.

3. gr.

Almenn úthlutun á styrkjum ráðsins skal fara fram í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Úthlutun styrkja skal vera lokið innan fjögurra mánaða frá auglýsingu.

4. gr.

Borgarráð skal halda eftir minnst 15% af styrkjapottum sínum til handa styrkumsóknum vegna verkefna sem berast utan umsóknartíma þar sem frestun á afgreiðslu umsókna fram að næsta almenna umsóknartímabili myndi koma í veg fyrir að styrkveiting myndi koma að gagni.

5. gr.

Í lok hvers árs skal borgarráð skipa þrjá fulltrúa í styrkjahóp ráðsins skv. almennu vinnulagi um úthlutun sæti í ráðum og nefndum. Styrkjahópur borgarráðs fer yfir innkomnar umsóknir úr hverjum almennum umsóknartíma, kallar eftir umsögnum frá sviðum, skrifstofum og starfsmönnum borgarinnar og gerir tillögu til borgarráðs um úthlutun.

6. gr.

Að öðru leyti fer um styrkveitingar borgarráðs skv. reglum Reykjavíkurborgar um styrki og styrkjahandbók borgarinnar..

Samþykkt á fundi borgarráðs 7. desember 2023.